

Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

Hólmavík

„Síðan Vilji fiskverkun ehf. var stofnað í maí hefur lifnað mikið yfir sjávarþorpinu Hólmavík. Eftir að strandveiðum lauk hafa strandveiðibátar haldið áfram veiðum á handfæri og landað inn til vinnslu, línubáturinn Margrét GK hefur landað á staðnum til vinnslu síðan í byrjun júlí og heilsársútgerðir staðarins sjá fyrir sér að geta aukið við sig, afkastað meiru og fjölgað starfsmönnum á næstkomandi árum. Auk alls þessa var ný útgerð stofnuð af ungum mönnum á staðnum sem veiða í vinnsluna og þykir mér það sérstaklega ánægjulegt.

Í litlu sjávarþorpi eins og Hólmavík skiptir hvert starf máli. Síðan Vilji fiskverkun ehf. var stofnað í maí hafa skapast 15 störf beintengd vinnslu og 2 ný skrifstofustörf. Um miðjan september verða 11 nýir íbúar á staðnum sem ráðnir hafa verið til starfa í fiskvinnslunni. Auk þess hafa umsvif á höfninni aukist til muna og umsvif í flutningum og vinna við löndun aukist. Ég tel að fiskvinnslan hafi blásið miklu lífi í þorpið og íbúar áhugasamir, jákvæðir og styðjandi við verkefnið. Verkefni sem þetta skiptir því byggðalagið í heild miklu máli en ég tel þetta koma okkur aftur á kortið og skapa jákvæðari ímynd fyrir samfélagið okkar.

Það að vinnslan sé í eigu heimamanna sem hafa hag samfélagsins að leiðarljósi skiptir að mínu mati grundvallaratriði í þessu verkefni því markmiðið er að skapa sjálfbæra starfsemi til frambúðar en ekki einungis þann tíma sem samningar Byggðastofnunar ná til.“

Björk Ingvarsdóttir framkvæmdastjóri Vilja fiskverkunar ehf.